

Nefnda- og greiningasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

17.5.2023  
2023-05-9/0.11.1

## Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum (raforkuöryggi), 943. mál

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 4. maí 2023, þar sem Landsneti er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.), þskj. 1474 - 943. mál, sem vísað hefur verið til atvinnuveganefndar. Landsnet skilaði á fyrri stigum umsögn um drög að frumvarpinu þegar það var auglýst á samráðsgátt stjórnvalda og hefur verið tekið tillit til ýmissa atriða í þeirri umsögn.

### Almennt

Á undanförunum árum hafa öryggismál raforkukerfisins fengið aukið vægi. Hátt hlutfall sveiflukenndra endurnýjanlegra orkulinda í raforkuframleiðslu, áhættur tengdar náttúruhamförum og sú staðreynd að raforkukerfi Íslands er ekki tengt raforkukerfum annarra landa gera aðkallandi að hugað sé að raforkuöryggi landsins. Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um hlutverk og skyldur allra aðila sem að raforku- og raforkuöryggismálum koma, hvort sem um er að ræða vinnsluaðila, sölufyrirtæki, flutningsfyrirtæki, dreifiveitur eða eftirlitsaðila. Landsnet bendir á að heppilegt væri að sérstakur kafli væri í raforkulögum sem fjallaði um raforkuöryggi. Telur Landsnet að vert væri að hafa það í huga þegar að heildarendurskoðun raforkulaga kemur sem er að mati Landsnets orðin tímabær.

Frumvarpið er fyrsta skrefið í heildarendurskoðun regluverks um raforkuöryggi. Áður en ráðist er í slíka endurskoðun þarf að skýra hlutverk aðila í venjulegum rekstri raforkukerfisins og aðdraganda neyðaraðgerða. Það er afstaða Landsnets að frumvarpið taki á þessum grundvallarþáttum, en að í framhaldinu þurfi að skoða aðra þætti sem snúa að viðbrögðum við atburðum í flutningskerfinu sem ekki teljast til venjulegs rekstrar. Þar þarf m.a. að horfa til hlutverks Neyðarsamstarfs raforkukerfisins, varaafismála, tilskipana Evrópusambandsins, ríkisstyrkjareglna og fleiri atriða. Landsnet telur hins vegar að nauðsynlegt sé nú þegar að taka á skyldum raforkuframleiðenda í tengslum við raforkuöryggi svo sem vikið er að hér á eftir.

### Athugasemdir við greinar frumvarpsins

#### Um 1. gr.

Landsnet telur mjög til bóta að skilgreind séu í lögum þau viðmið sem mat á raforkuöryggi á heildsölumarkaði skal byggt á. Jafnframt telur Landsnet ljóst með hliðsjón af lögbundnum skyldum félagsins sem flutningsfyrirtækis og kerfisstjóra skv. raforkulögum, sbr. og það sem að framan er rakið, að veigamiklir þættir varðandi mat á raforkuöryggi verði ekki unnir af öðrum en Landsneti. Í þessu ljósi leggur Landsnet áherslu á mikilvægi þess að hlutverk flutningsfyrirtækisins sé skýrt við mat á raforkuöryggi á heildsölumarkaði. Samhliða þyrfti að kveða á um hlutverk Orkustofnunar við slíkt mat.

#### Um 2. gr.

Landsnet gerir ekki efnislegar athugasemdir við greinina en bendir á að hún er mjög almennt orðuð og mikilvægt að ákvæðið sé nánar útfært í reglugerð. Í 3. tölul. 4. gr. reglugerðar nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu er eingöngu kveðið á um að kerfisstjóri skuli setja sér reglur um hvernig skömmtun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðaþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Á grunni þessa hefur í netmála Landsnet (skilmála C5) verið kveðið nánari á um skömmtun.

Lagaákvæðið er með þeim hætti að því verður vart beitt nema að nánari útfærsla liggja fyrir í reglugerð. Landsnet leggur áherslu á að skýrt verði kveðið á um þau viðmið sem byggt skal á þegar ákvarðanir eru teknar um skömmun raforku. Hvort sem sett verður ný reglugerð eða núverandi reglugerðum og netmála breytt þá er ljóst að sú vinna mun taka nokkurn tíma. Heppilegast væri að við gildistöku ákvæðanna lægi þegar fyrir frekari útfærsla á lagaákvæðunum í formi draga að reglugerð eða að tekið væri tillit til þessa í gildistökuákvæði þannig að tími gefist til að gera viðeigandi breytingar.

#### Skyldur raforkuframleiðenda vegna flutningstapa

Hvað varðar raforkuöryggi verður að hafa í huga að í lögboðnum skyldum Landsnets sem kerfisstjóra felst að kaupa raforku bæði vegna flutningstapa og kerfisþjónustu. Slík raforkukaup eru órjúfanlegt skilyrði í rekstri raforkukerfisins og leggur Landsnet áherslu á að aðgangur fyrirtækisins að raforku vegna þessa sé tryggður. Landsnet telur að lagaákvæði um skyldur raforkuframleiðenda vegna flutningstapa vera afar mikilvægt til þess að tryggja raforkuöryggi og leggur áherslu á að slíkt ákvæði verði sett í raforkulög.

Í tillögum sem starfshópur skilaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í ágúst 2020 var lagt til að tekið yrði á þessum þætti. Landsnet telur að mikilvægt sé að tekið verði á þessu við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér. Landsnet vísar einnig til tillagna starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem samkvæmt skipunarbréfi var falið það hlutverk að fylgja eftir tillögum starfshópsins og breytingum á raforkulögum á vorþingi 2021, varðandi raforkuöryggi og hlutverk og ábyrgð stjórnvalda. Sá starfshópur skilaði tillögum sínum með bréfi til ráðherra dags. 3. júní 2022, sem innihélt tillögu að reglugerð um raforkuöryggi. Lagaákvæði um skyldur raforkuframleiðenda vegna flutningstapa gæti hljóðað svo:

*Raforkuframleiðendur skulu gera ráð fyrir raforku vegna flutningstapa sem flutningsfyrirtækið óskar eftir að kaupa á markaði í sama hlutfalli og hlutdeild hans af heildarraforkuframleiðslu á Íslandi. Útreiknað magn atls og orku skal taka mið af raforkuspá Orkustofnunar að teknu tilliti til orkuskipta og fullnægjandi öryggismarka.*

Landsnet er reiðubúið að koma að áframhaldandi vinnu við útfærslu á reglusetningu vegna raforkuöryggis.

Virðingarfyllt,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.